I.tbl.
19. jan. 2022
29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Þorrablót Aðaldæla

Kæru sveitungar

Vegna ástandsins í þjóðfélaginu



fellur Þorrablót Aðaldæla 2022 niður.

Verið dugleg að skapa okkur efnivið fyrir skemmtiatriði næsta blóts.

Við fylgjumst með ykkur.

Bestu kveðjur

Nefndin





# Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Vegna ríflegra hækkana á burðargjöldum fjölpósts , og
hækkunar á  verði allra aðfanga
hækkar auglýsingaverð strax núna í upphafi árs.
Verður því verðskráin svona :

**Verðskrá:**

| | |
|---|---|
| Hálfsíðuauglýsing | kr. 3.990– m.vsk |
| heilsiðuauglýsing | kr. 5.500.m vsk. |

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan

Dagný Pétursdóttir
s. 8953386





# Dósasöfnun og harðfisksala

Fjáröflun fyrir ferðasjóð 9-10 bekkjar
Stórutjarnaskóla

Sunnudaginn 23. janúar munum við nemendur 9-10 bekkjar Stórutjarnaskóla standa fyrir dósasöfnun og harðfisksölu og verðum á ferðinni um sveitina milli kl. 13:00-16:00. Nú er um að gera sveitungi góður að slá tvær flugur í einu höggi: Losa sig við dósir og flöskur sem safnast hafa upp yfir hátíðarnar og birgja sig upp af dýrindis harðfisk frá Darra til að maula yfir Þorrann. Þeir sem eru ekki heimavið á þessum tíma en hafa áhuga á að gefa dósir geta sett dósapoka útfyrir. Við munum gæta vel að sóttvörnum.

**Sjáumst hress,**

**nemendur 9-10 bekkjar Stórustjarnaskóla**

## Bestu nýársóskir frá Darra á Grenivík.

Ágætu viðskiptavinir!

Það tilkynnist hér með, að breyting verður á áður auglýstum afgreiðslutíma úr sölubifreið Darra og verður sem hér greinir:

Á bílastæðinu við Fosshól laugardaginn 22. jan 2022 kl. 11 – 17.

Á bílastæðinu við Ýdali sunnudaginn 23. jan. Kl. 11 – 17.

Sjáumst grímuklædd og gegnsprittuð,

Darri ehf.

Grenivík.